



DAGSKRÁ OG TILLÖGUR STJÓRNAR FYRIR AÐALFUND KALDALÓNS HF. 26. MARS 2026

A. Skýrsla stjórnar – Dagskrárliður 1

Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi félagsins fyrir rekstrarárið 2025 kynnt fyrir aðalfundi.

B. Staðfesting ársreiknings - Dagskrárliður 2

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund að ársreikningur fyrir árið 2025 verði samþykktur.

Greinargerð:

Finna má ársreikning félagsins vegna reikningsársins 2025 á vefsvæði fundarins kaldalon.is/adalfundur2026. Ársreikningurinn verður kynntur af stjórnendum félagsins.

C. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins - Dagskrárliður 3

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund að greiddur verði út arður til hluthafa, þ.e. eiganda þeirra hluta sem ekki eru í eigu Kaldalóns, að fjárhæð u.þ.b. 1.000.000.000 króna vegna rekstrarársins 2025.

Fjöldi hluta sem ekki eru í eigu Kaldalóns eru 1.061.526.526 hlutir. Arðgreiðsla nemur 0,94 kr. á hlut.

Greinargerð:

Stjórn Kaldalóns leggur til að greiddur verði út arður til hluthafa á árinu 2026 vegna rekstrarársins 2025 sem nemur 1.000.000.000 króna. Miðað við fjölda hluta, ekki í eigu Kaldalóns, nemur arðgreiðsla 0,94 krónur á hlut.

Hlutfé félagsins er kr. 10.858.183.440. Hlutféð skiptist í 1.085.818.344 hluti, hver að nafnvirði tíu (10) krónur eða margfeldi þeirrar fjárhæðar, sem hluthafar eiga í félaginu á hverjum tíma. Hlutfé félagsins tilheyrir allt einum flokki hlutafjár.

Sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2025, verður 27. mars 2026 (arðleysisdagur). Réttur hluthafa til arðgreiðslu verður miðaður við hlutaskrá félagsins við lok viðskipta þann 30. mars 2026 (arðsréttindadagur). Lagt er til að arður verði greiddur út þann 8. apríl 2026 (útborgunardagur).

D. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins - Dagskrárliður 4

Tilnefningarnefnd Kaldalóns hf. óskaði eftir framboðum til stjórnar til nefndarinnar fyrir 31. janúar 2026. Tilnefningarnefnd leggur til við aðalfund að eftirfarandi frambjóðendur verði kjörnir í stjórn Kaldalóns hf.:

- Álfheiður Ágústsdóttir
- Ásgeir Helgi Reyk fjörð Gylfason
- Haukur Guðmundsson
- Haukur Hafsteinsson
- Pálína María Gunnlaugsdóttir

Tilnefningarnefnd leggur til að eftirfarandi frambjóðendur verði kjörnir sem varamenn í stjórn Kaldalóns hf.:

- Gunnar Henrik B. Gunnarsson
- Harpa Guðnadóttir

Skýrsla tilnefningarnefndar liggur fyrir á vefsvæði fundarins kaldalon.is/adalfundur2026.

Rétt er að geta þess tilnefningarnefndar og skilafrestur umsókna til hennar takmarka ekki rétt frambjóðenda til að skila inn framboðum til stjórnar félagsins áður en almennur framboðsfrestur rennur út, sem er fimm (5) dögum fyrir aðalfund sem haldinn verður þann 26. mars 2026. Tilnefningarnefnd getur hins vegar ekki lagt mat á framboð sem bárust eftir 30. janúar 2026.

E. Kjör endurskoðenda félagsins - Dagskrárliður 5

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund að PricewaterhouseCoopers ehf. verði kjörið sem endurskoðandi félagsins til næsta árs.

F. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og undirnefnda – Dagskrárliður 6

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund að stjórnar- og nefndarlaun fyrir kjörtímabilið 2025-2026 verði samkvæmt neðangreindri töflu. Til samanburðar eru birt stjórnar- og nefndarlaun árið 2025.

Hlutverk	2025	2026	Eining
Stjórnarmenn	350.000	400.000	kr./mán
Varaformaður stjórnar	525.000	600.000	kr./mán
Formaður stjórnar	700.000	800.000	kr./mán
Varamenn í stjórn	100.000	150.000	kr./fund þó ekki meira en einföld stjórnarlaun fyrir hvern mánuð.
Meðlimir endurskoðunarnefndar	50.000	75.000	kr./mán
Formaður endurskoðunarnefndar	100.000	150.000	kr./mán
Starfskjaranefnd	-	-	Stjórnarmenn fá ekki greitt setu eða formennsku í starfskjaranefnd
Meðlimir tilnefningarnefndar*	750.000	800.000	kr./ári
Formaður tilnefningarnefndar*	1.000.000	1.100.000	kr./ári

*Forstjóri fái heimild til að greiða nefndarmönnum viðbótarþóknun í samræmi við umfang viðbótarvinnu.

Greinargerð:

Tillaga stjórnar um þóknun stjórnarmanna og undirnefnda byggir á tillögum starfskjaranefndar félagsins, sem er hluti af aðalfundargögnum og aðgengileg á vefsvæði fundarins: kaldalon.is/adalfundur2026. Þá leggur stjórn til að forstjóra verði veitt heimild til að semja um viðbótarþóknun til tilnefningarnefndar, komi til þess að fleiri en eitt stjórnarkjör fari fram á starfstímabilinu. Slíkar aðstæður myndu fela í sér verulegt aukið umfang vinnu nefndarinnar.

G. Starfskjarastefna - Dagskrárliður 7

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund að óbreytt starfskjarastefna frá aðalfundi 2025 verði samþykkt.

Greinargerð:

Á árinu 2023 var samþykkt ný starfskjarastefna fyrir félagið frá grunni. Engar breytingar hafa verið gerðar á starfskjarastefnu frá þeim tíma. Á þessum tímapunkti telur stjórn ekki þörf á breytingum frá fyrra ári og er því lagt til að samþykkja starfskjarastefnu óbreytta. Starfskjarastefnu og starfsreglur tilnefningarnefndar má nálgast á vefsvæði fundarins kaldalon.is/adalfundur2026.

H. Kosning tilnefningarnefndar - Dagskrárliður 8

Í samræmi við samþykktir félagsins er lagt til að þrír nefndarmenn verði kjörnir í tilnefningarnefnd félagsins. Eftirtaldir aðilar hafa gefið kost á sér:

- Ásgeir Sigurður Ágústsson
- Margrét Sveinsdóttir
- Unnur Lilja Hermannsdóttir

Aðrir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í tilnefningarnefnd félagsins skulu tilkynna um framboð eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund, eða 19. mars kl. 16:00.

Greinargerð:

Ásgeir Sigurður Ágústsson

Ásgeir er lögmaður og yfirlögfræðingur Rapyd í Evrópu. Áður starfaði Ásgeir meðal annars hjá Logos lögmannsþjónustu í London og Reykjavík, hjá Libra lögmonnum og hjá norsku lögmannsstofunni Schjöldt í Brussel. Ásgeir hefur víðtæka reynslu og hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum í gegnum tíðina. Ásgeir er með fullnaðarpróf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík og lögmannsréttindi.

Margrét Sveinsdóttir

Margrét Sveinsdóttir er framkvæmdastjóri Jarðvarma slhf. og Jarðvarma GP, sjálfstætt starfandi stjórnarkona og ráðgjafi. Á árunum 2009 til 2022 var hún framkvæmdastjóri hjá Arion banka, fyrst í Eignastýringu og síðan Mörkuðum. Á árunum 1990 til 2009 var hún hjá Íslandsbanka/Glitni, lengst af í verðbréfavíðskiptum í VÍB, síðar eignastýringu og síðast í fjárstýringu. Frá 1985 til 1988 var hún í lánadeild Iðnaðarbanka Íslands. Margrét er nú stjórnarformaður Blikastaðalands ehf. og Katla Fund SICAV, ásamt því að vera í varastjórn HS Orku hf., Árvakurs hf./ Þórsmeykur ehf. Hún hefur áður setið í stjórn Okkar líf hf. og TIF, tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta, ásamt nokkrum stjórnnum félaga í Lúxemborg. Margrét er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA frá Babson College í Massachusetts USA. Hún er jafnframt með próf í verðbréfavíðskiptum.

Unnur Lilja Hermannsdóttir

Unnur Lilja Hermannsdóttir er lögmaður og eigandi á Landslögum. Unnur hefur setið í stjórnnum stofnana og fyrirtækja og sinnt kennslu um hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna í félögum. Þá hefur Unnur setið í hæfnisnefndum vegna skipana í embætti hjá hinu opinbera. Unnur er með fullnaðarpróf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík og réttindi til að flytja mál fyrir Landsrétti.

I. Tilnefning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd – Dagskrárliður 9

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund að Harpa Vífilisdóttir, löggiltur endurskoðandi og fjármálastjóri Norvik hf., verði tilnefnd sem utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd.

Greinargerð:

Kaldalón hf. er eining tengd almannahagsmunum í skilningi laga nr. 3/2006 um ársreikninga og skal því starfa endurskoðunarnefnd innan félagsins, sbr. IX. kafla A. í lögunum. Í 108. gr. a. laganna er mælt fyrir um að sé nefndarmaður í endurskoðunarnefnd utanaðkomandi aðili skuli hann tilnefndur af aðalfundi, sbr. lög nr. 6/2024. Leggur stjórn til að Harpa Vífilisdóttir verði tilnefnd af fundinum.

Harpa starfar sem fjármálastjóri Norvik hf. og situr í stjórn dótturfélags þess, fasteignafélaginu Smáragarður ehf. Harpa er löggiltur endurskoðandi og starfaði í tæpan áratug hjá KPMG og hefur meðal annars komið að endurskoðun fasteignafélaga. Harpa er með meistaragráðu í reikningshaldi og endurskoðun frá Háskólanum í Reykjavík og bachelor gráðu í viðskiptum og stjórnun frá Copenhagen Business School. Harpa hefur mikla reynslu af störfum endurskoðunarnefnda í gegnum störf sín hjá KPMG og Valitor þar sem hún var fjármálastjóri.

J. Tillaga til breytinga á samþykktum - lækkun hlutafjár með ógildingu eigin hluta – Dagskrárliður 10

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 242.918.180, eða 24.291.818 hluti þar sem hver hlutur er að nafnvirði tíu (10) krónur. Lækkunin verður framkvæmd með ógildingu eigin hluta félagsins að uppfylltum skilyrðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Tillagan felur í sér breytingu á ákvæði gr. 2.1 samþykktu félagsins, þannig að verði tillagan samþykkt verður framangreint ákvæði samþykktanna eftirleiðis svohljóðandi:

„Hlutafé félagsins er kr. 10.615.265.260. Hlutaféð skiptist í 1.061.526.526 hluti, hver að nafnvirði tíu (10) krónur eða margfeldi þeirrar fjárhæðar, sem hluthafar eiga í félaginu á hverjum tíma. Hlutafé félagsins tilheyrir allt einum flokki hlutafjár.“

The share capital of the Company amounts to ISK 10.615.265.260. The share capital is divided into 1.061.526.526 shares of ISK ten (10) in nominal value or multiples of the amount owned by shareholders in the company at any given time. The company's share capital belongs to a single class of shares.“

Greinargerð:

Kaldalón hf. á nú 24.291.818 eigin hluti sem keyptir voru samkvæmt formlegum endurkaupaáætlunum á árinu 2025-2026. Fyrir þessa hluti hefur félagið greitt kr. 616.908.847. Endurkaupaáætlunin var samþykkt á hluthafafundi félagsins 2. júlí 2024. Öll skilyrði 3. mgr. 54. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög eru uppfyllt svo að lækkunin geti farið fram án innköllunar. Verði tillagan samþykkt lækkar hlutafé félagsins úr kr. 10.858.183.440 í kr. 10.615.265.260

K. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum – Dagskrárliður 11

Stjórn félagsins leggur til að aðalfundur veiti stjórn félagsins heimild til kaupa á eigin bréfum til 30. júní 2027 og heimildarinnar verði getið með eftirfarandi hætti í viðauka við samþykktir félagsins í stað þess viðauka sem nú er og verði þannig hluti af samþykktunum í samræmi við ákvæði gr. 2.9 í samþykktum félagsins:

Aðalfundur Kaldalóns hf. haldinn 26. mars 2026 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa, í eitt skipti eða oftar, fyrir hönd félagsins eigin hluti, þó þannig að það ásamt öðrum dótturfélögum þess megi mest eiga 10% hlutafjár félagsins. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Hlutabréf sem félagið eignast á grundvelli heimildar þessarar má m.a. nota til að lækka hlutafé félagsins og/eða í þeim tilgangi að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttar- eða áskriftarsamningum við starfsmenn.

Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga eða vegna endurkaupaáætlana eða verðjöfnunar í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir til 30. júní 2027.

Greinargerð:

Með tillögunni er lagt til að hluthafafundur veiti stjórn félagsins heimild til kaupa á eigin hlutum til 30. júní 2027. Á hluthafafundi félagsins 2. júlí 2024 veittu hluthafar stjórn heimild til kaupa á eigin hlutum sem gildi til tveggja ára. Með þessari tillögu er óskað eftir nýrri heimild með gildistíma fram yfir aðalfund 2027. Heimildin er ætluð til að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða, eftir atvikum, til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum (útboðsfyrirkomulag), enda þyki formleg endurkaupaáætlun ekki duga til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að, svo sem samkvæmt arðgreiðslustefnu félagsins eða með hliðsjón af hagkvæmri fjármagnsskipan. Hlutabréf sem félagið kann að eignast á grundvelli heimildar þessarar má einnig nota til að lækka hlutafé félagsins og/eða í þeim tilgangi að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttar- eða áskriftarsamningum við starfsmenn þess. Heimildin verður framkvæmd í samræmi við ákvæði viðeigandi laga og reglugerða um endurkaup. Samþykki hluthafar tillögu stjórnar mun eldri viðauki við samþykktirnar um endurkaup, frá hluthafafundi 2. júlí 2024, falla niður.

Reykjavík, 4. mars 2025

F.h. stjórnar Kaldalóns hf.

Ásgeir Helgi Reyk fjörð Gylfason
stjórnarformaður